

Nafn:

Tími í speglun:

..... kl:

Staðsetning speglunardeilda:

- Fossvogur deild A3 sími: 543 6231
- Hringbraut deild 11D sími: 543 6150

Leitaðu upplýsinga í anddyri.

Athygli skal vakin á því aðstarfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni aðeða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferðsjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
 LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
 LYFLÆKNINGASVIÐ I
 FYRSTA ÚTGÁFA - OKTÓBER 2004
 ÖNNUR ÚTGÁFA - FEBRÚAR 2007

HÖFUNDAR:
 HAFDÍS ARADÓTTIR OG ELÍN GUNNARSDÓTTIR,
 HIÚKRUNARFRÆÐINGAR

ÁBYRGÐ:
 HERDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN OG LIÓSMYND:
 KYNNINGARMÁL LSH/AV



5 690939 121928 >

Ristilspeglun

Upplýsingarit



Verið velkomin á speglunardeild

Hér fara á eftir upplýsingar um ristilspeglun.

Við viljum hvetja þig að leita til hjúkrunarfræðinga eða lækna deildarinnar ef einhverjum spurningum er ósvarað eða eitthvað er óljóst.

Oft geta góðar upplýsingar dregið úr kvíða og gert rannsóknina þægilegri. Þú skalt því óhikað leita aðstoðar með fyrirspurnir sem þú kannt að hafa.

Ristilspeglun

Ristilspeglun er rannsókn á neðri hluta meltingarvegar þ.e.a.s. skoðun á slímhúð ristilsins. Mjög mikilvægt er að undirbúningur sé góður og fyrirmælum um úthreinsun sé fylgt vel eftir svo að skoðun takist sem best.

Vinsamlegast láttu lækni eða hjúkrunarfræðing á speglunardeild vita með viku fyrirvara ef þú tekur einhver lyf, t.d. járn, blóðþynningarlyf, bólgueyðandi lyf, verkjalyf með aspirini eða insulin.

Einnig er mjög mikilvægt að taka fram ef þú ert með lyfjaofnæmi eða sjúkdóm.

Hvernig fer speglunin fram

Fyrir speglunina er sett upp nál með plasttúpu, svokallaður æðaleggur, í handlegginn. Í gegnum hann færðu lyf í æð, oftast bæði róandi og verkjastillandi.

Þú liggur á vinstri hlið. Fyrst er endaparmur skoðaður og síðan er sveigjanlegt tæki þrætt upp ristilinn. Nota þarf loft til að auðvelda speglunina og getur það orsakað þrýstingstilfinningu sem yfirleitt er skammvinn.

Ristillinn er mismunandi langur í fólki en getur verið um 1,5 metri að lengd.

Gott er að slaka vel á. Stundum þarf að taka sýni eða fjarlægja sepa og er það sársaukalaust.

Speglunin getur tekið 30 - 40 mínútur.

Að speglun lokinni

Ef þú liggur á sjúkrahúsinu þá ferðu á deildina þína að lokinni speglun. Ef þú kemur að heiman þarftu að dvelja í um það bil 1 - 2 klukkustundir á sjúkrahúsinu, eða eftir þínum þörfum.

Þú mátt ekki aka bíl að speglun lokinni, vegna lyfjanna sem þú færð og æskilegt er að þú fái fylgd heim. Þú ættir að geta borðað fljótlega eftir skoðunina, nema annað sé tekið fram.

Ef slímhúðarsepar hafa verið fjarlægðir úr ristlinum gætu komið fram fylgikvillar. Upplýsingar varðandi það færðu hjá viðkomandi lækni.

Niðurstöður speglunarinnar og frekari leiðbeiningar færðu hjá læknum áður en þú ferð af deildinni. Alltaf þarf að bíða í nokkra daga eftir niðurstöðum vefjasýna.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.